

IS **Gira kallkerfi 834 Plus**
Notendahandbók

Gira kallkerfi 834 Plus
Notkunarleiðbeiningar fyrir endanlega
notendur

GIRA

Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	4
1.1	Almennar upplýsingar	4
1.2	Notkunarsvið	5
2.	Virkni.....	6
2.1	Lýsing á virkni.....	6
2.2	Hringing sett af stað	8
2.3	Talsamband	9
2.4	Kveikt og slökkt á ljósi	9
2.5	Prófun á handtæki sjúklings	9
2.6	Viðvera staðfest og hringing stöðvuð	10
2.7	Merkjagjöf	11
2.8	Merkjagjöf og tegundir hringinga	12
2.9	Viðvera gefin til kynna og hringing stöðvuð	15
2.10	Forgangsöröðun hringinga	16
2.11	Notkun stöðvar í starfsmannaherbergi	17
2.12	Notkun CT9 stöðvar í starfsmannaherbergi.....	20

1. Inngangur

Gira kallkerfi 834 Plus er virtengt kallkerfi með möguleika á talsambandi og uppfyllir allar kröfur staðalsins DIN VDE 0834.



Athugið! Skjámyndir og aðgerðir eru dæmi.

Í þessum leiðbeiningum koma fram dæmi um skjámyndir og aðgerðir á þeim, en þær eru breytilegar eftir útfærslu kerfisins hverju sinni.

1.1 Almennar upplýsingar

Útgefandi áskilur sér rétt til að breyta tæknilegum upplýsingum og öðrum gögnum í þessu riti án fyrirvara. Myndir eru jafnframt ekki bindandi.

Tæknilegar breytingar áskildar!



Athugið: Nýjustu upplýsingar á vefsíðu Gira.

Þar sem tækið er í stöðugri þróun og er uppfært reglulega getur verið að upplýsingarnar í þessari handbók eigi ekki við um nýjustu gerð.

Nálgast má nýjustu útgáfur vöruupplýsinga á vefsíðu Gira:

<http://www.gira.de>

Á vefslóðinni

<http://www.download.gira.de>

er hægt að sækja nýjustu hugbúnaðaruppfærslur og fylgigögn fyrir vöruna.

Óheimilt er að fjölfalda eða yfirfæra nokkurn hluta þessara skjala í neinum tilgangi, óháð því með hvaða hætti slíkt er gert eða hvernig búnaður (rafrænn eða vélrænn) er notaður í þeim tilgangi, nema með skriflegu leyfi Gira, Giersiepen GmbH & Co. KG.

Öll réttindi áskilin!

© by Gira, Giersiepen GmbH & Co. KG
Dahlienstraße
42477 Radevormwald

1.2 Notkunarsvið

Gira kallkerfi 834 Plus er notað til að gefa til kynna neyðarástand og gera fólki viðvart.

Kallkerfi samanstendur af eftirfarandi grundvallarþáttum:

Einingar kallkerfis	Tæki
Einingar sem setja af stað hringingu	Kallhnappur, handtæki sjúklings og hnappur fyrir sjúkling í mismunandi útfærslum og með mismunandi virkni, sem og toghnappur og loftknúinn kallhnappur.
Einingar sem gefa hringingu til kynna	Merkjáljós, skjáir á gangi, herbergisstöðvar, stöðvar í starfsmannaherbergjum, CT9 stöð í starfsmannaherbergi og herbergiseiningar í mismunandi útfærslum og með mismunandi virkni.
Einingar til að stöðva hringingu	Stöðvunar- og viðveruhnappar í mismunandi útfærslum og með mismunandi virkni.
Spennugjafar	Kerfisafriðill, með órofinni spennugjöf eða án.
Stýri- og skráningarbúnaður	Stjórnstöð og kerfisstjórnstöð.

Tafla 1: Einingar kallkerfis



Athugið: Röng notkun.

Gira ber hvorki lagalega ábyrgð né neina ábyrgð af öðru tagi vegna bilana eða tjóns sem hlýst af rangri notkun og/eða rangri uppsetningu Gira kallkerfis 834 Plus.

2. Virgni

2.1 Lýsing á virgni

Hringing	Hringing er sett af stað með rauðum kallhnappi (handtæki sjúklings/hnappi fyrir sjúkling, toghnappi eða loftknúnum kallhnappi). Hringingin er gefin til kynna með róandi ljósi í kallhnappinum (eða í ytra byrði toghnappsins eða loftknúna kallhnappsins) og um leið logar herbergismerkjaljósið stöðugt í rauðum lit.
Salernishringing	Ef hringing er sett af stað í votrými/á salerni er þessi svokallaða salernishringing gefin til kynna með því að herbergismerkjaljósið logar stöðugt í rauðum og hvítum lit.
Framvísun hringingar	Í öllum herbergjum þar sem viðvera er staðfest með því að styðja á grænan eða gulan viðveruhnapp er hringing gefin til kynna með hljóðmerki. Þessi eiginleiki nefnist framvísun hringingar. Viðvera er gefin til kynna með stöðugu grænu eða gulu ljósi í viðveruhnappinum eða í herbergismerkjaljósinu.
Neyðarhringing	Þegar viðvera hefur verið staðfest og rauði kallhnappurinn er notaður setur það neyðarhringingu af stað. Neyðarhringingin er gefin til kynna með því að herbergismerkjaljósið blikkar í rauðum lit.
Neyðarhringing á salerni	Ef hringing er sett af stað í votrými/á salerni þegar viðvera hefur verið staðfest kallast það neyðarhringing á salerni. Hún er gefin til kynna með því að herbergismerkjaljósið blikkar í rauðum og hvítum lit.
Læknishringing	Læknishringing er sett af stað með bláu læknishnappinum. Hún er einnig gefin til kynna með því að herbergismerkjaljósið blikkar í rauðum lit, en munurinn á henni og neyðarhringingu er sá að læknishringing hefur forgang og herbergismerkjaljósið blikkar hraðar.
Talsamband	Ef hringing er sett af stað með tæki sem styður talsamband er hægt að koma á talsambandi við sjúklinginn með því að styðja á símtólstæknið á herbergisstöð eða stöð í starfsmannaherbergi.

**Framsending
hringingar**

Hægt er að senda hringingar áfram til herbergisstöðvar, stöðvar í starfsmannaherbergi eða til herbergiseiningar (framsending hringingar). Til þess að stöðva (neyðar-)hringingu er stutt á stöðvunarhnapp eða viðveruhnapp í herberginu þar sem hringingin var sett af stað.


Ekki er hægt að stöðva hringingu annars staðar frá nema að talsambandi hafi verið komið á við herbergið.

Skráning upplýsinga

Þegar kerfið er tekið í notkun eru allar nauðsynlegar færðbreytur skráðar í grunnstillingarhugbúnaðinum, svo sem skipting/flokkun herbergja í skipulagseiningar og ákvörðun þjónustu. Kerfisstjórnstöð eða stjórnstöð skráir öll atvik í kerfinu, svo sem hringingar og neyðarhringingar, staðfestingu á viðveru og bilanir.


Ef rafmagnið fer af er hringing sem sett hefur verið af stað áfram virk.

2.2 Hringing sett af stað




- **Hringing er sett af stað með rauða kallhnappinum.**
Rauðu kallhnapparnir (sem eru einnig á handtæki sjúklings, hnappi fyrir sjúkling og á toghnappi) eru merktir með greinilegu tákni og í þeim er einnig ljós (á ytra byrði) sem gerir auðveldara að finna þá og hefur róandi áhrif.
- **Neyðarhringingar eru einnig settar af stað með rauðu kallhnöppunum.**

Hins vegar er ekki hægt að setja af stað neyðarhringingu nema viðvera hafi verið staðfest með græna eða gula viðveruhnappinum.



- **Önnur tæki sem setja af stað hringingu**


Handtæki sjúklings, hnappur fyrir sjúkling, toghnappur, loftknúinn kallhnappur.



- **Greiningarhringing (eftirlitshringing)**

Hringing frá rafmagnslækningatæki samkvæmt staðlinum DIN EN 60601 (VDE 0750).

Hér er greiningartengisnúrunni (pöntunarnr.: 2961 00) stungið í samband




- **Læknishringing er sett af stað með bláa kallhnappinum.**

Blái kallhnappurinn er merktur með greinilegu tákni og á honum er einnig ljós sem gerir auðveldara að finna hnappinn og hefur róandi áhrif.


Hins vegar er ekki hægt að setja af stað læknishringingu nema viðvera hafi verið staðfest með græna eða gula viðveruhnappinum.

2.3 Talsamband



- **Handfrjáls notkun**

Þegar hringing/neyðarhringing hefur verið sett af stað með kallhnappi er hægt að koma á talsambandi milli starfsmannaherbergis og sjúklings. Taleiningin gegnir þá bæði hlutverki hátalara og hljóðnema.




- **Talað í hálfum hljóðum**

Ef hringing er sett af stað með því að styðja á rauða kallhnappinn á handtæki sjúklings er hægt að koma á talsambandi milli herbergisstöðvar eða stöðvar í starfsmannaherbergi og sjúklingsins. Ef sjúklingurinn styður aftur á rauða kallhnappinn á handtæki sjúklings er hægt að tala í hálfum hljóðum með handtækinu. Handtæki sjúklings er þá haldið upp að eyranu líkt og síma.

2.4 Kveikt og slökkt á ljósi

- **Kveikt og slökkt á ljósi í herbergi og lesljósi**

Með því að styðja á gula hnappinn er kveikt og slökkt á loftljósinu í herberginu og/eða lesljósinu við rúmið.



2.5 Prófun á handtæki sjúklings

Þegar handtæki sjúklings hefur verið stungið í samband við aukatengi þarf að prófa tækið samkvæmt staðlinum DIN VDE 0834.


- **Ljósdióðan í rauða hnappinum á handtæki sjúklings blikkar hratt**

Styðja þarf einu sinni á rauða kallhnappinn á handtæki sjúklings til að prófa tækið.

Ef tækið er ekki prófað með þessum hætti er sett af stað hringing í kerfinu.

2.6 Viðvera staðfest og hringing stöðvuð

Stutt er á græna eða gula viðveruhnappinn þegar komið er inn í herbergi og áður en farið er út úr því.




• Viðvera 1 staðfest og hringing stöðvuð

Viðvera umönnunarstarfsfólks er staðfest með því að styðja á græna viðveruhnappinn og er gefin til kynna með því að herbergismerkjaljós logar stöðugt í grænum lit. Þegar þetta er gert stöðvast hringingin sem er í gangi.

Þetta á þó ekki við um hringingar úr votrými eða salerni: Þessar hringingar þarf að stöðva með stöðvunarhnappi í votrými eða á salerni.

Viðvera kemur einnig fram á skjá stöðvar í starfsmannaherbergi/herbergisstöðvar (ef slík stöð er fyrir hendi). Ef umönnunarstarfsfólk er að störfum í mismunandi herbergjum samtímis og viðvera er staðfest í þeim öllum sýnir skjárinn á stöð í starfsmannaherbergi/herbergisstöð upplýsingar um viðveru á öllum stöðum.



• Viðvera 2 staðfest og hringing stöðvuð

Viðvera annars umönnunarstarfsmanns er staðfest með því að styðja á gula viðveruhnappinn og er gefin til kynna með því að herbergismerkjaljós logar stöðugt í gulum lit. Þegar þetta er gert stöðvast hringingin sem er í gangi.

Þetta á þó ekki við um hringingar úr votrými eða salerni: Þessar hringingar þarf að stöðva með stöðvunarhnappi í votrými eða á salerni.

Viðvera kemur einnig fram á skjá stöðvar í starfsmannaherbergi/herbergisstöðvar (ef slík stöð er fyrir hendi). Ef umönnunarstarfsfólk er að störfum í mismunandi herbergjum samtímis og viðvera er staðfest í þeim öllum sýnir skjárinn á stöð í starfsmannaherbergi/herbergisstöð upplýsingar um viðveru á öllum stöðum.



Athugið: Undantekning við stöðvun hringingar.

Þegar um er að ræða kall- og stöðvunarhnapp með aukatengi (pöntunarnr. 5903 ..) er eingöngu hægt að stöðva hringingu við rúm sjúklings.

2.7 Merkjagjöf

Neyðarhringingar eru gefnar til kynna með því að herbergismerkjaljós loga í rauðum og/eða hvítum lit auk þess sem hljóðmerki heyrir (framvísun hringingar). Hringingar koma einnig fram á skjáum herbergisstöðva/stöðva í starfsmannaherbergjum og/eða á skjáum á gangi.

Það hvernig texti birtist á stöðvum í starfsmannaherbergjum/herbergisstöðvum og á skjáum á gangi fer eftir því hvernig textinn er færður inn í kerfisstjórnstöð sem og því hvernig færðbreytur eru ákvarðaðar í kerfisstjórnstöð.

Viðvera umönnunarstarfsfólks er staðfest með grænu eða gulu hnöppunum og er gefin til kynna með því að herbergismerkjaljós loga í grænum eða gulum lit.

Merkjagjöf	Gerð og tíðni merkjagjafar			
	Sýnileg merki		Litur	Hljóðmerki
Hringing (venjuleg)		Stöðugt ljós	rautt	$t_{\text{kveikt}} = 1 \text{ sek.}$, hlé 5 ... 10 sek.
Neyðarhringing/ greiningarhringing		Blikkandi ljós, með löngu bili, kveikt/slökkt á u.þ.b. 1,2 sek. fresti ...		Röð hljóða $t_{\text{kveikt}} / t_{\text{slökkt}} = 1,2 \text{ sek.}$
Læknishringing		Blikkandi ljós, með stuttu bili, kveikt/slökkt á u.þ.b. 0,3 sek. fresti ...		Röð hljóða $t_{\text{kveikt}} / t_{\text{slökkt}} = 0,3 \text{ sek.}$
Hringing úr votrými/ salerni		Stöðugt ljós	rautt og hvítt	$t_{\text{kveikt}} = 1 \text{ sek.}$, hlé 5 ... 10 sek.
Neyðarhringing úr votrými/salerni		Blikkandi ljós	rautt og hvítt	Röð hljóða $t_{\text{kveikt}} / t_{\text{slökkt}} = 1,2 \text{ sek.}$
Viðvera 1		Stöðugt ljós	grænt	Ekkert
Viðvera 2		Stöðugt ljós	gult	Ekkert
Merkjagjöf vegna bilunar		Stöðugt ljós	rautt	Ekkert

Tafla 2: Yfirlit yfir mismunandi merkjagjöf

2.8 Merkjagjöf og tegundir hringinga


- **Hringing (venjuleg)**

Hringing er sett af stað með því að styðja á rauðan eða bláan kallhnapp.

Venjulega hringingin er gefin til kynna með rauðu róandi ljósi í kallhnappinum sem og því að herbergismerkjaljós logar stöðugt í rauðum lit (sjá töflu á bls. 11).

Við hvert rúm er búnaður til að setja af stað hringingu sem rúmfastur sjúklingurinn getur örugglega náð til án erfiðleika.

Svo auðveldara verði að finna búnaðinn í myrkri er rauð ljósdíóða í kallhnappinum, hnappinum fyrir sjúkling og í hlífinni á toghnappinum og loftknúna kallhnappinum.




- **Salernishringing**

Hringing úr votrými, aðskildu salerni eða baðherbergi.

Salernishringingin er gefin til kynna með því að herbergismerkjaljós logar stöðugt í hvítum lit (auk þess sem það logar stöðugt í rauðum lit).

Stöðva þarf hringinguna með því að styðja á græna stöðvunarhnappinn í votrýminu/salerninu þar sem hringingin var sett af stað.



- **Neyðarhringing**

Ef staðfesting á viðveru í herbergi hefur verið gerð virk er neyðarhringing sett af stað næst þegar stutt er á rauðan kallhnapp í herberginu.


Neyðarhringingin er gefin til kynna með því að herbergismerkjaljós blikkar í rauðum lit (sjá töflu á bls. 11).



- **Neyðarhringing á salerni**

Ef staðfesting á viðveru í herbergi hefur verið gerð virk í herbergi með salerni er neyðarhringing á salerni sett af stað næst þegar notaður er rauður kallhnappur, toghnappur eða loftknúinn kallhnappur á salerni/baði.

Neyðarhringing á salerni er gefin til kynna með því að herbergismerkjaljós blikkar í rauðum og hvítum lit (sjá töflu á bls. 11).





- **Greiningarhringing**

Hringing frá rafmagnslækningatæki samkvæmt staðlinum DIN EN 60601 (VDE 0750). Þessi tegund hringingar er einnig kölluð eftirlitshringing og verður að fara fram með sérstökum tengingum. Greiningarhringingar eru viðvörunarhringingar.



- **Viðvörunarhringing/læknishringing**

Hægt er að setja læknishringingu af stað með bláa læknishnappinum ef stillt hefur verið á Viðvera 1 eða Viðvera 2. Læknishringing hefur sérstaka merkjagjöf (blikkar hratt).



- **Merki um losun tengis**

Ef handtæki sjúklings eða hnappur sjúklings er tekinn úr sambandi, hvort sem það er gert visvitandi eða óvart, gefur herbergismerkjaljós (venjulega) hringingu til kynna. Á skjáum herbergisstöðva og stöðva í starfsmanna-herbergjum birtist þá tilkynningin **Tengi**. Til að stöðva hringinguna þarf að halda græna (ekki gula) viðveru-/stöðvunarhnappinum inni í a.m.k. **3 sekúndur**.



Athugið: Prófið virkni búnaðar.

Þegar tengingu hefur verið komið aftur á skal prófa hvort handtæki sjúklings eða hnappur fyrir sjúkling virki rétt.



- **Hljóðmerki fyrir framvísun hringingar**

Framvísun hringingar er virk í hverju herbergi þar sem viðvera hefur verið staðfest. Ef hringing/neyðarhringing er sett af stað í öðru herbergi (sem tilheyrir sömu skipulagslegu einingu/deild) heyrir hljóðmerki í herberginu þar sem viðvera hefur verið staðfest. Á skjánum birtist tilkynningin **Neyðarhringing herbergisnúmer**.




- **Merkjagjöf vegna bilunar**

Tilkynningin **Bilun herb. XX** birtist til dæmis þegar vír slitnar í herbergi.



Athugið: Gerið tæknimanni viðvart.

Látið tæknimann gera við kerfið.



- **Merkjagjöf vegna neyðarvirgni**

Ef stýrieining verður óvirk birtist samsvarandi tilkynning á tækjum með skjá.


Tilkynningin **Villa í KSS** birtist: Kerfisstjórnstöðin virkar ekki. Aðgerðir sem taka til fleiri en einnar deildar (svo sem þjónustur eða samtengingar) virka ekki lengur. Áfram er hægt að framkvæma allar aðgerðir innan deildar.

Tilkynningin **Brautarvilla** birtist: Stjórnstöðin virkar ekki. Öll tæki á deildinni eru í neyðarstillingu. Aðgerðir sem taka til fleiri en einnar deildar (svo sem þjónustur eða samtengingar) virka ekki lengur.



Athugið: Gerið tæknimanni viðvart.

Látið tæknimann gera við kerfið.



- **Merkjagjöf með skjá á gangi**

Á skjánum á ganginum kemur hringing fram með skýrum texta þar sem herbergisnúmer er tilgreint.

Þegar engin hringing er í gangi sýnir skjárinn dagsetningu og tíma.




Athugið: Viðvera kemur ekki fram.

Skjár á gangi sýnir ekki upplýsingar um viðveru.

2.9 Viðvera gefin til kynna og hringing stöðvuð

Með því að staðfesta viðveru er gefið til kynna þegar umönnunarstarfsfólk er stött í herbergi. Þegar viðvera hefur verið staðfest er hægt að setja af stað **neyðarhringingu** og nota **framsendingu hringing**.




• Viðvera 1 gefin til kynna og hringing stöðvuð

Viðvera umönnunarstarfsmanns er staðfest með því að styðja á græna viðveruhnappinn og er gefin til kynna með því að herbergismerkjaljós logar stöðugt í grænum lit. Hringingar sem eru í gangi eru stöðvaðar með því að styðja á græna viðveruhnappinn.

Þetta á þó ekki við um hringingar úr votrími eða salerni: Þessar hringingar þarf að stöðva með stöðvunarhnappi í votrími eða á salerni.

Viðvera kemur einnig fram á skjá stöðvar í starfsmannaherbergi/herbergisstöðvar (ef slík stöð er fyrir hendi). Ef umönnunarstarfsfólk er að störfum í mismunandi herbergjum samtímis og viðvera er staðfest í þeim öllum sýnir skjárinn á stöð í starfsmannaherbergi/herbergisstöð upplýsingar um viðveru á öllum stöðum.



• Viðvera 2 gefin til kynna og hringing stöðvuð

Viðvera annars umönnunarstarfsmanns er staðfest með því að styðja á gula viðveruhnappinn og er gefin til kynna með því að herbergismerkjaljós logar stöðugt í gulum lit. Hringingar sem eru í gangi eru stöðvaðar með því að styðja á gula viðveruhnappinn.

Þetta á þó ekki við um hringingar úr votrími eða salerni: Þessar hringingar þarf að stöðva með stöðvunarhnappi í votrími eða á salerni.

Viðvera kemur einnig fram á skjá stöðvar í starfsmannaherbergi/herbergisstöðvar (ef slík stöð er fyrir hendi). Ef umönnunarstarfsfólk er að störfum í mismunandi herbergjum samtímis og viðvera er staðfest í þeim öllum sýnir skjárinn á stöð í starfsmannaherbergi/herbergisstöð upplýsingar um viðveru á öllum stöðum.

2.10 Forgangsöröðun hringinga

Kallkerfið gefur ávallt þeirri hringingu forgang sem hefur mest vægi.

Þegar hringingar með sama vægi eru í gangi samtímis sýna skjáirnir þær til skiptis.

Forgangur	Birtingartæki	Merkjagjöf
Læknishringing	Herbergismerkjaljós	Rautt ljós sem blikkar hratt
	Stöð í starfsmannaherbergi/ herbergisstöð	Texti: Læknishr. herb. XX
Greiningarhringing	Herbergismerkjaljós	Stöðugt rautt ljós
	Stöð í starfsmannaherbergi/ herbergisstöð	Texti: GRE herb. XX
Neyðarhringing á salerni	Herbergismerkjaljós	Rautt og hvítt ljós sem blikkar hægt
	Stöð í starfsmannaherbergi/ herbergisstöð	Texti: Ney. á sal. herb. XX
Neyðarhringing	Herbergismerkjaljós	Rautt ljós sem blikkar hægt
	Stöð í starfsmannaherbergi/ herbergisstöð	Texti: Neyðarhr. herb. XX
Salernishringing	Herbergismerkjaljós	Stöðugt rautt og hvítt ljós
	Stöð í starfsmannaherbergi/ herbergisstöð	Texti: Sal.hr. herb. XX
Hringing	Herbergismerkjaljós	Stöðugt rautt ljós
	Stöð í starfsmannaherbergi/ herbergisstöð	Texti: Hr. herb. XX
Viðvera 1	Herbergismerkjaljós	Stöðugt grænt ljós
	Stöð í starfsmannaherbergi/ herbergisstöð	Texti: VV 1 herb. XX
Viðvera 2	Herbergismerkjaljós	Stöðugt gult ljós
	Stöð í starfsmannaherbergi/ herbergisstöð	Texti: VV 2 herb. XX

Tafla 3: Forgangsöröðun hringinga

2.11 Notkun stöðvar í starfsmannaherbergi

Með stöð í starfsmannaherbergi er hægt að gera samtengingar virkar og óvirkar. Þannig er hægt að gera nauðsynlegar breytingar vegna skipulags.

Til dæmis:

Næturvakt með samtengingu deilda.



Athugið:

Stillingar í grunnstillingarhugbúnaði.

Í kerfisstjórnstöð er ákvarðað hvaða herbergi tilheyra hvaða skipulagslegu einingu (deild) sem og hvernig texti birtist á skjá.



• Skjár og stjórtæki stöðvar

Skjár (1) fyrir tveggja línu tilkynningar.

Á svörtum glerfletinum eru þrír snertihnappar með táknum (2):

- "OK" til að staðfesta og velja.
- Ör sem vísar niður til að opna valmynd og fara um í henni.
- Símtól til að svara hringingu með talsambandi.

Stutt er á táknin með fingri til að framkvæma viðkomandi aðgerð.



• Hringingu með talsambandi svarað og lagt á

Innhringing kemur fram á skjánum og e.t.v. einnig með hljóðmerki.

- Hringingu með talsambandi svarað

Símtólstáknir verður að sjást á skjánum (það birtist t.d. þegar hringt er úr tæki sem styður talsamband).


Stýðjið með fingri á hnappinn með símtólstákninu. Komið er á talsambandi við þann sem hringir.

- Lagt á (talsamband sett í bið)

Þegar hringingu hefur verið svarað er stutt aftur á símtólstáknir og verður hringingin þá aftur virk að fimm mínútum liðnum.

- Lagt á (talsamband rofið annars staðar frá)

Lagt er á með því að stýðja á "OK"-táknir.



- **Valmynd stöðvar í starfsmannaherbergi opnuð**

Viðvera verður að vera staðfest.

Stýðjið með fingri á **örvartáknið**. Valmyndin opnast (1. atriði í valmynd).

Stutt er aftur á **örvartáknið** til að sýna næsta atriði í valmynd o.s.frv.

Stutt er á **"OK"-tákninu** til að velja atriði í valmynd, gera það virkt eða gera það óvirkt.

Hægt er að velja eftirfarandi atriði í valmynd (sjá einnig "Valmynd stöðvar" í starfsmannaherbergi á bls. 19):

Samhringing: Í öll herbergi. (Talsamband aðeins í eina átt.)

Samhringing: Í öll herbergi með staðfestri viðveru.

(Talsamband aðeins í eina átt.)

Ef ekkert er valið í u.þ.b. þrjár sekúndur fer skjáinn aftur í upphafsskjámynd.



- **Samtenging skipulagslegra eininga/deilda(r)**

Eingöngu eru sýndar samtengingar skipulagslegra eininga sem settar hafa verið upp áður í kerfisstjórnstöð.

Viðvera verður að vera staðfest.

Stýðjið með fingri á **örvartáknið**. Valmyndin opnast (1. atriði í valmynd).

Stutt er aftur á **örvartáknið** til að sýna 2. atriði í valmynd (samtengingar).

Aðalvalmyndin **Samtengingar** er valin með **"OK"-tákninu**. Sýndar eru allar tiltækar samtengingar ásamt upplýsingum um stöðu. Stutt er á **örvartáknið** til að skipta milli samtenginga.


Stutt er á **"OK"-tákninu** til að velja samtenginguna sem vinna á með.

Stutt er á **örvartáknið** til að breyta stöðu (**virkt** eða **óvirkt**).

Stutt er á **"OK"-tákninu** til að vista stillingarnar.


Ef ekkert er valið í u.þ.b. þrjár sekúndur fer skjáinn aftur í upphafsskjámynd.

Sjá einnig "Valmynd stöðvar" í starfsmannaherbergi á bls. 19.



2.12 Notkun CT9 stöðvar í starfsmannaherbergi

Þegar CT9 stöð í starfsmannaherbergi er ræst birtist upphafsskjámyndin.



Snertiskjár

Stýðjið með fingri á táknin.

Svæði á upphafsskjámynd:

- (1) Stöðulína: Sýnir dagsetningu og tíma.
- (2) Vinstri hluti skjás: Sýnir ýmist upplýsingar um samtengingar og viðveru innan tengdra skipulagslegra eininga í kerfi (flipinn **Upplýsingar**) eða valmynd með ýmsum aðgerðum (flipinn **Aðgerðir**).
- (3) Hægri hluti skjás: Sýnir lista yfir þau atvik frá tengdum skipulagslegum einingum í kerfinu sem bregðast verður við. Textinn sem birtist fer eftir færðbreytum í aðstoð fyrir grunnstillingu í kerfisstjórnstöð eða stjórnstöð.
- (4) Hringireitir stöðvar í starfsmannaherbergi. Hringireitirnir virka á sama hátt og hnappar á venjulegri stöð í starfsmannaherbergi. Um fjóra hnappa er að ræða: Viðvera 1 (grænn), Viðvera 2 (gulur), Hringing (rauður) og Læknishringing (blár).

- **Samhringing**

Sýnir lista yfir mögulegar samhringingar. Þegar stutt er á hnapp fyrir viðkomandi samhringu fer hún strax af stað. Talað er um samhringu þegar talsambandi er komið á við margar stöðvar í skipulagslegri einingu í einu. Grunnstilling skipulagslegra eininga í kerfi fer fram í aðstoð fyrir grunnstillingu í kerfisstjórnstöð eða stjórnstöð.

- **Stofuhringing**

Sýnir lista yfir herbergi í skipulagslegum einingum (t.d. deildum) sem hægt er að hringja í. Þegar stutt er á hnapp fyrir viðkomandi stofuhringingu fer hún strax af stað. Talað er um stofuhringingar þegar talsambandi er komið á við tiltekna stofu. Hægt er að velja stofur í vallista tilheyrandi stöðvar, allt eftir skipulagi kerfisins hverju sinni. Ekki er hægt að svara stofuhringingum. Aðeins er hægt að svara ef stutt er á kallhnappinn samkvæmt beiðni þar um, t.d. frá umönnunarstarfsfólki.

- **Samtengingar**

Sýnir lista yfir samtengdar skipulagslegar einingar. Samtengingar eru stilltar inn í aðstoð fyrir grunnstillingu í kerfisstjórnstöð eða stjórnstöð og gerðar virkar í CT9 stöð í starfsmannaherbergi eftir þörfum.

- **Stöðvarannáll**

Sýnir lista með öllum atvikum dagsins.

- **Hraðval 1**

Notað til að fara beint á síðu. Hnappurinn er grunnstilltur í sérfræðiham.

- **Hraðval 2**

Notað til að fara beint á síðu. Hnappurinn er grunnstilltur í sérfræðiham.

- **Hreinsiaðgerð**

Læsir skjánum í tiltekinn tíma. Tímalengdin er stillt inn í sérfræðiham.

- **Stillingar**

- **Stillingar á hljóðstyrk**

- Til að stilla hljóðstyrk tækis (tóna og raddstyrk).

- **Birtustig**

- Til að stilla birtustigið á skjánum.

- **Sérfræðihamur**

- Fyrir helstu stillingamöguleika CT9 stöðvar í starfsmannaherbergi.

- Tala skal við kerfisstjóra eða rafvirkjameistara ef gera þarf breytingar á þessu svæði.

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Raflagna-
kerfi

Industriegebiet Mermbach
Dahlienstraße
42477 Radevormwald

P.O. Box 12 20
42461 Radevormwald

Þýskaland

Sími +49 (0) 2195 - 602-0
Fax +49 (0) 2 95 - 602-191

www.gira.com
info@gira.com

GIRA

Nafn og póstfang uppsetningaraðila:

Þjónustusími: _____